

ÁSDÍS RÓSA MAGNÚSDÓTTIR  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

## Um *Sarrasine* eftir Honoré de Balzac

Rithöfundurinn Honoré de Balzac (1799–1850) er einn þekktasti skáldsagnahöfundur Frakka á 19. öld. Hann dró upp einstaka mynd af samtíma sínum og mannlífi Parísarborgar í tæplega eitt hundrað skáldverkum sem birtust á tímabilinu 1829 til 1855. Á árunum 1842 til 1846 kom hið metnaðarfulla skáldsagnasafn Balzacs fyrst út undir heitinu *La Comédie humaine* (Leikhús mannlífsins) og er það eina útgáfa safnsins sem höfundurinn hafði yfirsýn yfir og stýrði, og sem samtímamenn hans þekktu.<sup>1</sup> Þessi fjölhæfi og afkastamikli rithöfundur vildi sameina rit sín undir einu heiti og í *La Comédie humaine* fundu flest fyrri verk hans sér stað, ný bættust við og í drögum sínum að heildarverkinu lagði hann á ráðin um óskrifaðar sögur. Umfangið var gríðarlegt og arkitektúrinn flókinn. Með útgáfunni vildi Balzac draga upp mynd af samtíma sínum, greina ólíkar stéttir, þætti og drifkrafta í gangverki samfélagsins, áhrif auðhyggju og uppgangs í Parísarborg, og um leið skrifa sögu einstaklinganna sem þar bjuggu. Meðal frægustu skáldsagna hans í

1 Útgefandinn var Furne, Dubochet et Cie, Hetzel et Paulin, en þessi útgáfa verksins gengur almennt undir nafninu Furne. Hún innihélt 16 bindi; 17. bindi bættist við árið 1848. Greinargott yfirlit um *La Comédie humaine* er að finna hér: Balzac. *La Comédie humaine. Édition critique en ligne*, Groupe International de Recherches Balzaciennes, Groupe ARTFL (Université de Chicago), Maison de Balzac (Paris); <https://www.maisondebaltac.paris.fr/vocabulaire/furne/protocole.htm> (sótt 9. nóvember 2025).

Þessari miklu samfélagsgreiningu eru *Eugénie Grandet* (1933), *Le Père Goriot* (Goriot gamli, 1835) og *Illusions perdues* (Glataðar vonir, 1837) sem allar hafa komið út í íslenskri þýðingu Sigurjóns Björnssonar á síðustu árum.

Eins og margir skáldsagnahöfundar 19. aldar samdi Balzac einnig smásögur sem hann birti gjarnan oftast en einu sinni. Hann var þekktur fyrir að endurskrifa sögur sínar og breyta, og færa til innan höfundarverksins. Sagan sem hér kemur út í íslenskri þýðingu, *Sarrasine*, er eitt þeirra verka. Hún kom fyrst fyrir sjónir lesenda í nýstofnuðu bókmenntatímariti í París, *Revue de Paris*, í tveimur köflum, þann 21. og 28. nóvember árið 1830. Ári síðar var hún endurútgefin í öðru bindi *Romans et contes philosophiques* (Heimspækilegar skáldsögur og smásögur) og 1833 í 3. bindi sama rits. Árið 1835 er *Sarrasine* hluti af 12. bindi *Études de mœurs au XIXe siècle* (Athugun á siðferði 19. aldar), þá í 4. bindi undirflokksins *Scènes de la vie parisienne* (Kafar úr lífinu í París). Það er svo árið 1844 að *Sarrasine* verður hluti af 10. bindi *La Comédie humaine*, og tilheyrir þá 2. bindi af *Scènes de la vie parisienne*. Í þeirri útgáfu tekur Balzac út kaflaskiptinguna sem verið hafði í fyrri útgáfum og lagfærir textann lítillega. Við þýðingu verksins var farið eftir útgáfunni frá 1844, en sagan átti eftir að flakka enn frekar innan sama undirflokks.<sup>2</sup> Algenzt er að sögupersónur Balzacs birtist í fleiri en einum texta. Tveimur af sögupersónum *Sarrasine* bregður fyrir í öðrum verkum *La Comédie humaine*, frúnni af Rochefide og greifynjunni af Lanty.

*Sarrasine* er tvískipt verk. Fyrri hlutinn gerist í París, að vetrarlagi árið 1830, þar sem nærvera öldungs vekur óhug en um leið forvitni gesta í samkvæmi á Lanty-setrinu. Þegar hin unga frú af Rochefide, sem þar er stödd, kemur auga á málverk af undurfögnum Adonis fellst fylgdarmaður hennar, sem jafnframt er sögumaður, á að segja henni frá verkinu. Hefst þá síðari hluti sögunnar sem fjallar um

2 Í þýðingunni sem hér birtist er stuðst við eftirfarandi útgáfu: Honoré de Balzac, *Sarrasine*, Paris: Furne, Dubochet et Cie, Hetzel et Paulin, 1844, bls. 90–121. Hún er sótt á vefsíðuna: *Groupe International de Recherches Balzacienes*, Groupe ARTFL (Université de Chicago), Maison de Balzac (Paris). Balzac, *La Comédie humaine. Édition critique en ligne*, <https://artflsrv03.uchicago.edu/philology/c4/balzac/navigate/54/1/> (sótt 15. janúar 2025). Útgáfusaga *Sarrasine* er rakin af: Anne Geisler, „Sarrasine“, *Groupe International de Recherches Balzacienes*, Groupe ARTFL (Université de Chicago), Maison de Balzac (Paris). Balzac, *La Comédie humaine. Édition critique en ligne*, <https://www.maisondebzac.paris.fr/vocabulaire/furne/notices/sarrasine.htm> (sótt 9. nóvember 2025).

hinn unga og efnilega myndhöggvara *Sarrasine*. Honum hlotnast sá heiður að fara til Rómar þar sem hann heillast af hinni fögru *Zambinella* í einu af leikhúsum borgarinnar og leggur allt í sölu til að ná ástum hennar.

Frá síðari hluta 20. aldar hafa fræðimenn beint sjónum sínum að *Sarrasine* og þá ekki síst vegna sögupersónunnar *Zambinella*, eða *La Zambinella*, sem hefur orðið uppspretta ólíkra kenninga um verkið. Hér verður ekki fjallað nánar um þær túlkanir og lesendum leyft að kynnast *Sarrasine* af eigin raun.

## *Sarrasine*

Til herra Charles de Bernard du Grail

Ég var niðursokkinn í þessa djúpu dagdrauma sem ná tókum á öllum, jafnvel léttlyndustu mönnum, í hávaðasömu samkvæmi. Klukkan á Élysée-Bourbon hafði nýlega slegið tólf högg. Ég sat í útskoti, falinn bak við fellingar gluggatjaldsins, og þaðan gat ég fylgst að vild með garði hússins þar sem ég eyddi kvöldinu. Snjóföln var á trjánum sem aðeins mótaði fyrir, í bakgrunni grár skýjaður himinn sem tunglinu tókst með herkjum að slá fölnri birtu á. Í þessu yfirnáttúrulega andrúmslofti var ekki laust við að trén líktust vofum, illa vöfðum í líkklæðin, þetta var risavaxin mynd af *dansi hinna dauðu*. Og ef ég sneri mér í hina áttina gat ég dáðst að dansi hinna lifandi! Glæsilegur salur með gylltum og silfurlituðum þiljum, sindrandi ljósakrónum. Þarna iðuðu, skvöldruðu og flögruðu um fallegustu, auðugustu, göfugustu, glæsilegustu og oflátungslegustu konur Parísar, prýddar glitrandi demöntum, með blóm á höfðinu, í barminum, í hárinu, á kjólunum eða í fléttum um fætur sér. Lágvært gleðipískur, skjáf í mjúkri silkiblúndu við hvert munúðarfullt skref, mússulín um fingerðan líkamann. Innileg augnaráð fundu sér leið, hér og þar, vörpuðu skugga á ljósin og glampann af demöntunum og nærðu hjörtu sem voru enn of áköf. Einnig mátti greina merkingarþrungin svipbrigði ætluð elskhugunum og neikvætt viðmót í garð eiginmanna. Háværar raddir spilamanna, þegar eitthvað óvænt gerðist við spilaborðið, og glamrið í gullinu blönduðust tónlistinni, klöðnum í samtölunum; ilmvatnsský og almenn ölvun höfðu áhrif á þessa trylltu hugi og áttu þátt í að deyfa mannhafið sem fann á sér af öllum þeim freistingum sem heimurinn hefur upp á að bjóða. Mér á hægri hönd var hin dimma og þögla ímynd dauðans; á þá vinstri, heiðarlegur

gleðskapur lífsins: annars vegar köld og drungaleg náttúran í sorgarklæðum; hins vegar fólk að fagna. Á mörkum þessara tveggja ólíku málverka, sem má endurgera á þúsund vegu og sem gera París að skemmtilegustu og heimspekilegustu borg í heimi, bjó ég mér til samsetta mynd í huganum, að hálfu geðuga, að hálfu sorglega. Ég sló taktinn með vinstri fæti og mér fannst sem hinn væri í gröfnni. Hann var nefnilega gegnkaldur af trekknum og sá líkamshelmingur var orðinn ískaldur en hinn helmingurinn naut raka hitans úr stofunni, en slíkt gerist raunar ósjaldan á dansleikjum.

„Herrann af Lanty hefur ekki átt þetta setur ýkja lengi, er það nokkuð?“

„Jú, reyndar. Það eru næstum tíu ár síðan hann keypti það af Carigliano marskálki ...“

„Nú!“

„Þetta fólk hlýtur að vera vel efnað?“

„Það er viðbúið.“

„Þvílík veisla! Munaðurinn er yfírgengilegur.“

„Heldur þú að þau séu jafn rík og herrann af Nucingen eða herrann af Gondreville?“

„Nú, veistu ekki hvernig á þessu stendur?“

Ég teygði mig fram og sá að þeir sem voru að talast við tilheyrðu þeim hópi forvitinna Parísarbúa sem hafa ekki áhuga á neinu nema *Hvers vegna? Hvernig? Hvaðan er hann? Hvaða fólk er þetta? Hvað er að? Hvað hefur hún gert?* Þeir lækkuðu róminn og komu sér fyrir fjær, á auðum sófa, til þess að spjalla saman í næði. Leynardómsleitendur höfðu aldrei komist í neitt feitara. Enginn vissi frá hvaða landi Lanty-fjölskyldan var, né af hvaða viðskiptum, þjófnaði, fjársvikum eða arfi þessi auður, sem metinn var til margra milljóna, var spröttinn. Allir fjölskyldumeðlimirnir töluðu ítölsku, frönsku, spænsku, ensku og þýsku nægilega vel til þess að álykta mætti að þeir hefðu dvalið um langt skeið meðal þessara þjóða. Voru þetta sígaunar? Voru þetta þrjótar?

„Þótt djöfullinn sjálfur ætti í hlut,“ sögðu nokkrir ungir stjórn-málamenn, „þá kunna þau svo sannarlega að taka á móti gestum.“

„Mér væri sama þótt greifinn af Lanty hefði farið ránsendi um virki auðugs höfðingja í Norður-Afríku, ég væri samt fús til að giftast dóttur hans,“ hrópaði heimspekingur upp yfir sig.

Hver hefði ekki viljað eiga Marianinu, unga sextán ára stúlku sem var svo ævintýrlega falleg að það var eins og hún hefði verið sköpuð af austrænum ljóðskáldum? Hún hefði átt að vera hulin blæju eins og dóttir soldánsins í sögunni um *Töfralampann*. Ófullkomnir hæfileikar söngkvennanna Malibran, Sontag og Fodor, þar sem einn ráðandi eiginleiki hefur ávallt komið í veg fyrir að heildin sé óaðfinnanleg, féllu í skuggann af söng hennar því að Marianina var fær um að gefa tærleika tónsins, næmi, nákvæmni í hreyfingum og hljómfalli, sál og visku, stillingu og tilfinningu sama vægi. Þessi stúlka var eins og hinn leyndi skáldskapur sem tengir allar listir og flýr alltaf þá sem leita hans. Marianina var ljúf og hógvær, vel að sér og góðum gáfum gædd og ekkert ljós skein skærar nema ef vera skyldi móðir hennar.

Hefur þú nokkru sinni hitt eina þessara kvenna sem eru svo gullfallegar að aldurinn skiptir engu máli og eru enn girnilegri við þrjátíu og sex ára aldur en þegar þær voru fimmtán árum yngri? Andlit þeirra ljóma af ástríðu, það gneistar af þeim; gáfurnar skína úr hverjum andlitsdrætti og þær geisla hver á sinn hátt, ekki síst í bjarma ljósanna. Hrífandi augun laða að, hrinda frá, tala eða þegja; framkoma þeirra er sakleysislega úthugsuð; raddirnar, seiðandi og þýðar, gæla ástúðlega við eyrun. Hrósyrði þeirra byggjast á samanburði og kitla allra viðkvæmustu tegund sjálfumgleði. Augabrún sem lyftist ofurlítið, minnsta augnatillit, kipringur vara, veldur eins konar ofsahræðslu hjá þeim sem binda líf sitt og hamingju við þær. Það er auðvelt að tálðraga stúlku sem er óreynd í ástum og lætur auðveldlega tala um fyrir sér, en þegar þessar konur eiga í hlut á hver karlmaður að vera fær um, eins og herrann af Jaucourt, að æpa ekki þegar hann felur sig inni í skáp og herbergisþernan brýtur óvart á honum tvo fingur þegar hún lokar skáphurðinni. Eru menn ekki að spila með líf sitt með því að elska þessar máttugu hafmeyjar? Og kannski er það einmitt þess vegna sem við elskum þær svo heitt! Greifynjan af Lanty var ein þessara kvenna.

Filippo, bróðir Marianinu, hafði fengið sinn skerf af fegurð greifynjunnar, eins og systir hans. Í einu orði sagt þá var þessi ungi maður lifandi ímynd Antinousar, nema aðeins mjóslegnari. Grannur og fingerður líkaminn hafði svo vel æsku hans og ólívulitað hörundið, svipmiklar augabrúnir og flauelsmjúk, logandi augun

lofuðu góðu um karlmannlegan ástríðuhita og háar hugmyndir í framtíðinni! Þótt Filippo hafi verið hinn fullkomni maður í hjörtum ungra stúlkna var hann einnig besti tengdasonurinn sem sérhver móðir í Frakklandi gat hugsað sér.

Systkinin tvö höfðu fengið fegurðina, auðinn, andagiftina og þokkann frá móður sinni eingöngu. Greifinn af Lanty var smá-vaxinn, ófríður og veiklulegur, dökkur yfirlitum eins og Spánverji, leiðinlegur líkt og bankamaður. Það var sagt að hann væri mikill pólitíkus, ef til vill vegna þess að hann hló sjaldan og vitnaði sífellt í herrann af Metternich eða Wellington.

Þessi dularfulla fjölskylda var jafn töfrandi og torskilið ljóð eftir Byron lávarð, dimmt og háleitt frá einu erindi til annars, sem hver og einn túlkaði á sinn veg í samkvæmislífinu. Leyndin sem herrann og frúin af Lanty létu hvíla yfir uppruna sínum, fortíð og tengslum við heimshornin fjögur hefði ekki átt að vekja teljandi undrun í París. Líklega er kjarnyrði Vespasíanusar hvergi eins auðskilið. Það skiptir engu hvort gullpeningar eru blóðugir eða ataðir leðju, þeir afhjúpa ekkert en segja allt sem segja þarf. Svo lengi sem efri stéttin veit hvað þú átt ertu settur í flokk með þeim sem eiga jafn mikið og enginn biður um að fá að sjá skjölin þín vegna þess að allir vita hversu lítills virði þau eru. Í borg þar sem samfélagsleg vandamál eru leyst með algebrujöfnum eru ævintýramenn vel settir. Jafnvel þótt þessi fjölskylda hefði verið af sígaunaættum, þá var hún svo auðug og svo áhugaverð að aðallinn hefði auðveldlega getað fyrirgefið henni slík leyndarmál. En til allrar óhamingju vakti dularfull saga Lanty-fjölskyldunnar sífellda forvitni, ekki ólíka þeirri sem skáldsögur Anne Radcliffe kveiktu.

Þeir sem eru athugulir, þeir sem vilja vita í hvaða verslun þú keyptir kertastjakann þinn eða spyrja þig hversu háa leigu þú borgar ef þeim finnst íbúðin þín falleg, höfðu tekið eftir því að af og til, á mannamótum, tónleikum, dansleikjum og í veislum sem haldnar voru á heimilinu, brá fyrir einkennilegri mannveru. Þetta var karlmaður. Í fyrsta skipti sem hans varð vart voru tónleikar og svo virtist sem heillandi rödd Marianinu hefði heillað hann úr fylgsni sínu.

„Það er kominn hrollur í mig,“ sagði kona, sem var rétt hjá dyrunum, við konu sér við hlið.

Óþekkti maðurinn, sem stóð nálægt konunni, gekk burt.

„Mikið er þetta einkennilegt! Nú er mér heitt,“ sagði konan þegar ókunnugi maðurinn var farinn. „Þú heldur kannski að ég sé að missa vitið en hvað get ég annað haldið en að kuldinn hafi stafað frá þessum svartklædda manni sem gekk burt rétt í þessu.“

Innan skamms hafði ímyndunaraflið sem aðlinum var í blóð borið getið af sér fjöldann allan af broslegum og stórfurðulegum tilgátum, sem og fáránlegar sögusagnir um þennan dularfulla mann. Þótt hann væri ekki beinlínis vampíra eða náæta, ónáttúrulegur gervimaður, einhvers konar Fást eða Hrói höttur, þá var í honum, að álitum þeirra sem hallir voru undir hið yfirnáttúrulega, eitthvað af þessu öllu. Hér og þar mátti finna Þjóðverja sem trúðu þessum snilldarlegu háðsglósum sem áttu upptök sín í slúðrinu í París. Ókunnugi maðurinn var einfaldlega *öldungur*. Nokkrir þeirra ungu manna, sem eru vanir því að taka ákvarðanir um framtíð Evrópu á hverjum morgni í nokkrum hljómfögnum setningum, töldu að þessi óþekkti maður hlyti að vera stórglæpamaður sem ætti gríðarmikil auðæfi. Skáldsagnahöfundar röktu sögu öldungsins og gátu lýst óhæfuverkum hans á meðan hann var í þjónustu prinsins af Mysore í alls kyns furðulegum smáatriðum. Bankamenn, sem eru mun jákvæðara fólk, ypptu breiðum öxlunum af meðaumkvun og sögðu á sannfærandi hátt: „Sko, þessi gamli karl, hann er *tête génoise*.“

„Ef það er ekki óviðeigandi, herra, mætti ég þá biðja þig um að útskýra fyrir mér hvað þú átt við með *tête génoise*?“

„Herra minn, það er þegar gríðarlegir fjármunir velta á lífi eins manns og tekjur fjölskyldunnar byggjast á því að hann sé við góða heilsu.“

Ég man eftir að hafa heyrt, heima hjá frúnni af Espard, dávald fullyrða, með afar vafasömum sögulegum rökum, að þetta ofurverndaða gamalmenni væri hinn frægi Balsamo, öðru nafni Cagliostro. Eftir því sem þessi gullgerðarmaður okkar tíma hélt fram hafði sikileyski ævintýramaðurinn komist undan mannum með ljáinn og skemmti sér við að búa til gull handa barnabörnunum. Loks má nefna að Ferette héraðsdómari þóttist viss um að þessi undarlega persóna væri greifinn af Saint-Germain. Þessar kjánalegu sögur voru sagðar af yfirlæti og háði sem einkennir samfélag án trúarbragða og þær viðhéldu óljósum grunsemdum um Lanty-



ættina. Og það vildi svo einkennilega til að fjölskyldumeðlimirnir gáfu þessum getgátum byr undir báða vængi með dularfullri framkomu sinni við öldunginn og eftirgrennsanir leiddu ekki í ljós nokkurn skapaðan hlut um líf hans.

Í hvert sinn sem maðurinn steig yfir þröskuld vistarverunnar sem honum var ætluð á Lanty-setrinu kom hann fjölskyldunni í mikið uppnám. Það mátti halda að um stórviðburð væri að ræða. Filippo, Marianina, frúin af Lanty og gamall þjónn voru þau einu sem nutu þeirra forréttinda að mega hjálpa ókunnuga manningum að ganga um, rísa á fætur, setjast. Hvert þeirra vakti yfir minnstu hreyfingu hans. Það var líkt og hann væri gæddur töframætti og hefði í hendi sér hamingju, líf eða gæfu allra í fjölskyldunni. Var þetta ótti eða væntumþykja? Þeir sem tóku þátt í samkvæmislífinu komu ekki auga á neitt sem gæti hjálpað þeim að ráða gátuna. Þessi fjölskylduvættur hafði verið falinn mánuðum saman djúpt inni í óþekktum helgidómi og birtist nú skyndilega, hálf laumulega, þegar hans var síst von, í salarkynnunum eins og álfkonurnar forðum daga sem komu fljúgandi á drekum sínum til þess eins að valda usla í veislum sem þeim hafði ekki verið boðið til. Aðeins gleggstu gestirnir gátu getið sér til um hversu órólegir húsbændurnir voru, þótt þeir væru einstaklega lagnir við að fela tilfinningar sínar. En stundum þegar hin ofurhrekklause Marianina var að dansa kvadrillu, mátti sjá skelfingu í augum hennar þar sem hún fylgdist með gamalmenninu úr miðri þvögunni. Og eins var þegar Filippo smeygði sér til hans í gegnum mannþröngin, í senn ástúðlegur og umhyggjusamur, eins og þessi einkennilega mannvera gæti brotnað við snertingu eða minnsta andblæ. Greifynjan mjakaði sér nær án þess þó að láta í það skína að hún væri á leiðinni til hans; síðan setti hún upp svip sem gaf til kynna bæði auðsveipni og hlýhug, undirgefni og harðstjórn, og sagði tvö eða þrjú orð sem öldungurinn hlýddi nánast alltaf; hann fór með henni eða öllu heldur þá fór hún með hann. Ef frúin af Lanty var ekki viðstödd beitti greifinn ótal brögðum til þess að komast til hans, en hann virtist eiga í basli með að fá gamla manninn til að hlusta á sig og kom fram við hann eins og spilltan krakka sem stjórnar mömmu sinni með duttlungum eða lætur öllum illum látum. Sumir voru svo hnýsnir að þeir gátu ekki stillt sig um að beina spurningum til greifans af Lanty, þessa kalda

og lokaða manns sem virtist aldrei hafa borið nokkurt skyn á forvitni. Því fór sem fór og eftir margar tilraunir til þess að toga svör upp úr þessari orðvöru fjölskyldu gáfust allir upp á að reyna að komast að hinu vel geymda leyndarmáli. Samkvæmisnjósnaarnir, einfelðningarnir og stjórnmálamennirnir urðu þreyttir á þessari ráðgátu og létu málið niður falla.

En á þessari stundu, í þessum glæstu húsakynnum, mátti ef til vill finna heimspekinga sem hugsuðu með sér, um leið og þeir fengu sér ís, frauð eða lögðu tómmt púnsglassið frá sér:

„Það kæmi mér ekki á óvart að þetta fólk væri svikahraappar. Þessi gamli karl, sem er í felum og birtist ekki nema á jafndægum og sólstöðum, hefur allt til að bera til þess að vera morðingi ...“

„Það kemur út á eitt. Að spilla auðæfum manns getur verið verra en að drepa hann sjálfan.“

„Ég veðjaði tuttugu hlöðvispeningum, nú fæ ég fjórutíu.“

„Það eru samt ekki nema þrjátíu eftir á borðinu, herra minn ...“

„Nú jæja, þarna sérðu að hér er alls konar fólk. Það er ekki hægt að spila.“

„Mikið rétt. En nú eru bráðum sex mánuðir síðan við sáum Andann. Heldur þú að þetta sé lifandi vera?“

„Haha, rétt svo ...“

Ég var ókunnugur fólkinu sem lét þessi orð falla, það var á förum í þann mund er ég var að draga saman hugleiðingar mínar þar sem líf og dauði, svart og hvítt sameinuðust. Ég virti fyrir mér til skiptis, með augunum og trylltu ímyndunaraflinu, veisluna sem hafði náð hápunkti glæsileikans og myrka garðana. Ég veit ekki hversu lengi ég hafði hugleitt hliðarnar tvær á mannlegu medalíunni þegar kæfður hlátur ungrar stúlku vakti mig skyndilega af draumunum. Það sem við mér blasti gerði mig orðlausan. Þökk sé afar sjaldgæfum duttlungum náttúrunnar þá hafði þessi hálfðapurlega hugsun sem veltist um í kollinum á mér skroppið út úr honum, hún var þarna fyrir framan mig, persónugerð, lifandi, hún hafði stokkið út eins og Mínerva úr höfðinu á Júpíter, stór og sterk, hún var hundrað ára gömul og tuttugu og tveggja ára í senn, hún var lifandi og látin. Gamli karlinn hafði sloppið út úr herbergi sínu, eins og brjálæðingur úr klefa, og smeygt sér bak við hóp af fólki sem hlustaði á Marianinu ljúka við að syngja kavatínuna úr harmleiknum

*Tancrède.* Það var eins og hann hefði sprottið upp úr jörðinni, eins og sjá má á leiksviði. Í dálitla stund stóð hann grafkyrr og þungbúinn og horfði á þennan mannfögnuð sem hafði ef til vill raskað ró hans. Hann var svo niðursokkinn og einbeittur við að horfa á allt í kringum sig að þótt hann stæði í miðju mannhafinu sá hann ekki nokkurn mann og var nánast eins og svefngengill. Hann hafði birst sisona við hlið einnar af fegurstu konum Parísar; hún var ung og hrífandi og dansaði af miklum þokka; andlit hennar frísklegt eins og barnsandlit, hvítt og bleikt, og svo finlegt og gegnsætt að svo virtist sem augnatillit karlmanns myndi sjá í gegnum það eins og sólargeislarnir sem skína í gegnum tæran ís. Þarna voru þau bæði tvö fyrir framan mig, saman, svo nálægt hvort öðru að ókunnugi maðurinn straukst við þunnofinn silkikjólinn og blóma-kransana, hárið sem var örlítið hrokkið og flaksandi beltisböndin.

Ég hafði komið með þessa ungu konu á dansleikinn hjá frúnni af Lanty. Þar sem þetta var fyrsta heimsókn hennar í þetta hús fyrirgaf ég henni kæfðan hláturinn en sendi henni samstundis áberandi merki sem gerði hana vandræðalega og varð til þess að hún sýndi karlinum fyllstu virðingu. Hún fékk sér sæti við hlið mér. Öldungurinn gat ekki sagt skilið við þessa dásamlegu stúlku sem hann elti sérviskulega, án sýnilegrar ástæðu og af þeirri þöglu þrákelkni sem háaldrað fólk getur búið yfir og hagar sér fyrir vikið eins og börn. Til þess að geta sest niður við hlið ungu stúlkunnar þurfti hann að verða sér úti um fellistól. Hver hreyfing hans bar með sér þennan kalda þunga, þetta kjánalega óöryggi sem einkennir látbragð þeirra sem eru hálflamaðir. Hann settist hægt og varfærnislega á stólinn og muldraði nokkur óskiljanleg orð. Rám rödd hans minnti á hljóðið sem myndast þegar steinn dettur ofan í brunn. Ungu konan þrýsti hönd mína af ákafa, eins og hún vildi tryggja að hún hrapaði ekki ofan í hlydýpi, og titraði þegar þessi maður sem hún horfði á leit á hana líflausum, grænhvítum augum, sem einungis var hægt að líkja við matta perlumóður.

„Ég er hrædd,“ hvíslaði hún í eyra mér.

„Þér er óhætt að tala,“ svaraði ég, „hann heyrir mjög illa.“

„Nú, þekkir þú hann?“

„Já.“

Hún herti sig upp í að virða fyrir sér um stund þessa veru sem

mannleg tunga á ekki orð yfir, form án innihalds, veru án lífs eða líf án hreyfingar. Hún var knúin áfram af óttablandinni forvitni sem nær slíkum tókum á konum að þær verða sér úti um geðs-hræringu hvað sem það kostar, horfa á hlekkjuð tigrisdýr, horfa á bóaslöngur og fyllast skelfingu yfir því að aðeins lítillfjörleg girðing aðskilji hana frá þeim. Þótt samanrekni öldungurinn væri hokinn eins og daglaunamaður var auðséð að hann hafði verið meðal-maður á hæð. Hann var grindhóraður og veikbyggðir útlirnir voru til marks um að hann hafði ætíð verið grannvaxinn. Hann klæddist svörtum silkibuxum sem héngu í fellingum eins og rifað segl, hólkvíðar yfir holdlausum lærunum. Líffærafræðingur hefði strax þekkt einkenni sjúklegrar megurðar við að sjá visna fótleggina sem héldu þessum einkennilega líkama uppi. Hálfpartinn eins og tvö bein lögð í kross ofan á leiði. Hjartað fylltist hryllingi þegar ummerkin sem hrumleiki og hrörnun höfðu skilið eftir á þessu fallvalta gangverki blöstu við. Óþekkti maðurinn var í hvítu vesti, gullbrydduðu að gömlum sið, og skyrtnan hans var skjannahvít. Rauðleit pífa úr enskri blúndu myndaði gular pliseringar í háls-málinu; blúndan var svo ríkmannleg að hún hefði sæmt drottningu, en á honum líktist hún frekar lörfum en skrauti. Óendanlega dýr-mætur demantur skein og glitraði eins og sólin í miðri pífunni. Þessi fornlegi munaður, þetta dýra, smekkklasa djásn, dró enn betur fram hrörlega ásýnd þessarar skrýtnu veru. Ramminn hafði myndefninu. Dökkt andlitið var beinabert og tekið. Hakan var tálguð, gagnaugun innfallin, augun sokkin í gulleitar augntóftirnar. Útstæð kjálkabeinin voru ólýsanlega mögur og kinnarnar innfallnar. Ljósið skein úr ólíkum áttum á þessa hnúska og myndaði skugga og furðulegt endurskin og fyrir vikið hvarf það sem eftir var af mannlegum eiginleikum í þessu andliti. Auk þess hafði gulleitt, þunnt hörundið gróið svo rækilega við beinin með árunum að á því mátti sjá fjöldann allan af hrukkum og skorningum, eins og gárur á gruggu vatni sem krakki hefur kastað steini í, eða stjörnulaga sprungur, eins og brot í gleri, djúpar og þéttar líkt og arkir í bók. Sumir öldungar eru vissulega ófrýnilegir en það sem átti stærstan þátt í að vofan sem hafði birst fyrir framan okkur leit út eins og gervimaður voru litirnir, rauður og hvítur, sem skinu af honum. Ljósið sem féll á augabrúnir þessa grímulíka andlits sýndi hversu vel þær voru

málaðar. Til allrar hamingju fyrir þessa sorgarsjón var höfuðkúpan falin undir ljóstri, lokkaprúðri hárkollu sem benti til dæmalausrar sýndarmennsku. Því má bæta við að kvenleg tildursemi þessarar draumkenndu persónu var rækilega undirstrikuð með gulleyrna-lokkum, glitrandi eðalsteinum á hringum sem skreyttu beinabera fingurna, og úrkeðju sem sindraði eins og grópir á demantsfesti um háls konu. Auk þess var stirðnað glott, háðslegt og vægðarlaust líkt og á hauskúpu, á bláleitum vörum þessa andlits sem líktist einna helst japönsku líkneski. Hann var þögull og hreyfingarlaus eins og stytta og af honum lagði sömu moskusangan og af gömlum kjólum sem erfingjar hertogaynju grafa upp úr skúffum hennar við skráningu eignanna. Þegar öldungurinn leit á gestina virtust mött augun knúin áfram af ósýnilegum vélum og þegar augun námu staðar mátti efast um að þau hefðu færst til. Að sjá – við hlið þessara leifa af manneskju – unga stúlku með beran háls, handleggi og barm, geislandi af hreysti og fegurð, með hrífandi fallega greitt hár yfir mjólkurhvítu enni og augu sem ekki tóku heldur gáfu frá sér birtu; sem geislaði af lífi, blíð og frískleg, með finlega, ilmandi lokka sem virtust of þungir, of þéttir, of miklir fyrir þessa skuggaveru, fyrir þennan upppornaða mann ... Þarna mætast dauðinn og lífið, hugsun mín var eins og ímynduð arabeska, tálsýn, að hluta forljót, að hluta guðdómlega kvenleg frá mitti og upp úr.

„Og samt er talsvert um hjónabönd af þessum toga í samfélaginu,“ hugsaði ég með mér.

„Það leggur af honum kirkjugarðslykt,“ hrópaði unga konan upp yfir sig, skelfingu lostin og greip í mig, eins og til að fullvissa sig um að ég myndi vernda hana, og ákafinn í hreyfingum hennar sannfærði mig um að hún væri dauðhrædd. „Þetta er hræðileg sýn,“ bætti hún við, „og ég get ekki verið hérna stundinni lengur. Ef ég horfi aftur á hann mun ég halda að dauðinn sjálfur sé kominn að ná í mig. En er hann lifandi?“

Hún lagði höndina á þetta fyrirbæri af þeirri dirfsku sem konur finna í sinni sterku þrá en köldum svita sló út um hana því að hún hafði ekki fyrr snert öldunginn en hljóð eins og í hrossabresti gall við. Þessi skræka rödd, ef þetta var þá rödd, hafði skroppið upp úr hálsi sem var nánast skraufpurr. Henni fylgdi barnslegur, krampa-kenndur hósti sem lét einkennilega í eyrum. Við þennan hávaða litu

Marianina, Filippo og frúin af Lanty til okkar og augnaráð þeirra var eins og elding. Unga konan hefði viljað liggja á Signubotni. Hún tók í handlegginn á mér og leiddi mig í átt að kvennastofunni. Karlar og konur viku svo að við kæmumst leiðar okkar. Þegar við vorum komin í ysta gestasalinn gengum við inn í litla hálfhringlaga stofu. Samfylgdarkona mín kastaði sér niður á diván, titrandi af ótta og án þess að vita hvar hún var.

„Þú ert ekki með réttu ráði, frú,“ sagði ég.

„En,“ hélt hún áfram eftir andartakspögn sem ég notaði til að dást að henni, „er það mér að kenna? Hvernig stendur á því að frúin af Lanty leyfir afturgöngum að flækjast um húsið sitt?“

„Svona, svona,“ svaraði ég, „þú lætur eins og kjáni. Þú heldur að gamall karl sé afturganga.“

„Ekki orð um það meir,“ sagði hún með þessum ákveðna og um leið hæðnislega svip sem konur grípa til þegar þær vilja hafa rétt fyrir sér. „Mikið er þessi kvennastofa smekkleg!“ hrópaði hún og leit í kringum sig. „Blátt satín kemur alltaf svo einstaklega vel út í veggjöldum. En glæsilegt! Nei, en hvað þetta er fallett málverk!“ bætti hún við og gekk að mynd sem var í íburðarmiklum ramma.

Við stóðum í dágóða stund og dáðumst að þessu furðuverki sem yfirnáttúrulegur pensill virtist hafa dregið upp. Málverkið sýndi Adonis liggjandi á ljónsfeldi. Ljósakrónan í miðri stofunni var úr alabastri og varpaði mjúkri birtu á málverkið, sem gerði okkur kleift að sjá hversu fagurt það var.

„Er til svo fullkomin vera?“ spurði hún mig, og það örlaði fyrir ánægjubrosi á vörum hennar eftir að hafa virt fyrir sér þokkafullar útlínurnar, stellinguna, litinn, hárið, í raun allt.

„Hann er of falletur fyrir karlmann,“ bætti hún við eftir að hafa grannskoðað hann líkt og hann væri keppinautur.

Ó! Við þessi orð fann ég áþreifanlega fyrir öfundinni sem ljóðskáld nokkurt hafði reynt að telja mér trú um að væri til, þessari öfund í garð þrykkmynda, málverka og styttna þar sem listamenn ýkja mannlega fegurð í anda lögmálsins um að upphefja og fegra.

„Þetta er málverk,“ svaraði ég. „Það er Vien sem á heiðurinn af því. En þessi mikli listmálari hefur aldrei séð frummyndina og kannski dregur aðeins úr aðdáun þinni við að heyra að þessi persóna var máluð eftir styttni af konu.“

„En hver er þetta?“

Ég hikaði.

„Mig langar að vita það,“ bætti hún við, áköf.

„Ég held,“ svaraði ég, „að þessi Adonis sé ... sé ... ættingi frúarinnar af Lanty.“

Það særði mig að sjá hana svona niðursokkna í málverkið. Hún settist niður þögul, ég tyllti mér við hlið hennar og tók í hönd hennar án þess að hún tæki eftir því! Hún hafði gleymt mér út af málverki! Á því andartaki mátti heyra skjáf í kjól og létt fótatak konu bergmála í kyrrðinni. Við sáu hana ungu Marianinu koma inn og það var ekki síður sakleysið sem skein af andlitinu en þokinn og nýju fötin sem gerði hana svona fallega; hún gekk hægt og leiddi af móðurlegri umhyggju, dótturlegri alúð, þessa uppáklæddu vofu sem hafði hrakið okkur úr tónleikasalnum; hún fylgdi henni og horfði óróleg á hana feta sig varlega áfram á veikburða fótunum. Með erfiðismunum komu þau að dyrum sem leyndust milli veggjaldanna. Marianina bankaði mjúklega. Nánast samtundis, eins og fyrir einhvern kynngimátt, birtist hávaxinn, grannur maður, eins konar töfravættur. Unga stúlkan kyssti kurteislega þetta lifandi lík áður en vörðurinn dularfulli tók við því og þessi saklausu blíðuhót voru ekki alveg undanþegin þokkafullu daðrinu sem sumar lánsamar konur hafa á valdi sínu.

„*Addio, addio!*“ sagði hún með fegursta blæ sinnar ungu raddar.

Hún bætti hrifandi tónaröð við síðasta atkvæðið, lágum rómi og líkt og hún vildi draga upp ljóðræna mynd af tilfinningunum sem bærðust innra með henni. Eitthvað rifjaðist skyndilega upp fyrir öldungnum sem stóð kyrr á þröskuldi leyniherbergisins. Í djúpri þögninni heyrðum við þungt andvarp stíga upp úr brjóstakassa hans: hann tók fallegasta hringinn sem hann bar á beinaberum fingrunum og kom honum fyrir í barmi Marianinu. Unga flónið skellti upp úr, tók hringinn og smeygði honum yfir hanskan á fingur sér og tók á rás í átt að tónleikasalnum þar sem heyra mátti forspilið að kontradansi. Hún sá okkur.

„Ó! Voruð þið hér!“ sagði hún og roðnaði.

Hún horfði spyrjandi á okkur og hljóp því næst til dansherrans með þeim áhyggjulausa ákafa sem hæfði aldri hennar.



„Hvað þýðir þetta?“ spurði mín unga samfylgdarkona. „Er þetta eiginmaður hennar? Er mig að dreyma? Hvar er ég?“

„Þú,“ svaraði ég, „þú, frú mín góð, sem ert ástríðufull og hefur svo góðan skilning á jafnvel ógreinanlegustu tilfinningum, þú kannt að viðhalda allra viðkvæmustu tilfinningunni lifandi í mannsins hjarta án þess að skemma hana, án þess að gera hana að engu á fyrsta degi, þú sem hefur samúð með ástarsorgum og, eins og Parísardömu sæmir, ert ástríðufull að hætti Ítala eða Spánverja ...“

Hún skynjaði beiska kaldhæðnina í orðum mínum og eins og ósjálfrátt greip hún fram í fyrir mér og sagði:

„Æ, þú þykist vita hvernig ég er. Þvílíkur yfirgangur! Þú vilt ekki að ég sé ég.“

„Nei, ég vil alls ekki neitt,“ hrópaði ég upp yfir mig og var brugðið af þessu harkalega viðmóti. „Það er að minnsta kosti rétt að þú hefur ánægju af að heyra söguna um þessar miklu ástríður sem heillandi suðrænar konur hafa vakið í hjarta okkar?“

„Já. Og hvað með það?“

„Nú, ég skal koma til þín um níuleytið annað kvöld og svipta hulunni af þessum leyndardómi.“

„Nei,“ svaraði hún kankvís, „ég vil heyra þessa sögu hér og nú.“

„Þú hefur enn ekki gefið mér leyfi til að hlýða þér þegar þú segir: Ég vil.“

„Á þessu andartaki,“ svaraði hún svo daðurslega að ég fylltist örvæntingu, „brenn ég af þrá eftir að komast til botns í þessu leyndarmáli. Á morgun er ekki víst að ég kæri mig um að hlusta á þig ...“

Hún brosti og við kvöddumst; hún alltaf jafn drambsök og óvægin og ég alltaf jafn afkáralegur, á þessari stundu sem öðrum. Hún var svo ósvífin að dansa vals við ungan liðsforingja, og ég var ýmist reiður, niðurdreginn, fullur aðdáunar, ástfanginn eða afbrýðisamur.

„Sjáumst á morgun,“ sagði hún þegar klukkan var að nálgast tvö og hún yfirgaf dansleikinn.

„Ég fer ekki til þín,“ hugsaði ég með sjálfum mér, „og ég segi skilið við þig. Þú ert duttlungafyllri og sennilega ... þúsund sinnum óútreiknanlegri en ég get gert mér í hugarlund.“

Daginn eftir sátum við bæði fyrir framan arin þar sem logaði



glatt, í lítilli, fallegri stofu; hún á tveggja manna sófa, ég á púðum á gólfinu, svo að segja við fætur hennar, og horfði upp til hennar. Kyrrð ríkti á götunni. Lampinn gaf frá sér milda birtu. Þetta var eitt af þessum kvöldum sem gæla við sálina, andartak sem gleymist aldrei, yndisleg stund friðar og löngunar sem vekur alltaf eftirsjá, jafnvel þegar við erum enn hamingjusamari. Hver getur þurrkað út þessi minnisstæðu spor sem fyrsta ástarþráin skilur eftir?

„Jæja,“ sagði hún, „ég er tilbúin.“

„En ég þori ekki að hefja söguna. Í henni eru kaflar sem eru hættulegir fyrir þann sem segir frá. Ef ég verð of æstur verður þú að þagga niður í mér.“

„Talaðu.“

„Ég hlýði.“

„Ernest-Jean Sarrasine var einkabarn saksóknara í Franche-Comté,“ hélt ég áfram eftir stutt hlé. „Saksóknarinn hafði á nokkuð heiðarlegan hátt orðið sér úti um sex til átta þúsund pund í rentur, sem þá var gríðarlega há upphæð fyrir mann sem starfaði úti á landi. Gamli lögmaðurinn átti þennan eina son og vildi veita honum bestu menntun sem völ var á og vonaðist til að sonurinn yrði dómari og að hann sjálfur yrði nógu langlífur til að sjá sonarson Matthieus Sarrasines, plægingarmanns frá Saint-Dié, fá gott embætti og dotta yfir réttarhöldunum, dómstólnum til heiðurs. En æðri máttarvöld höfðu ekki í hyggju að veita saksóknaranum þessa ánægju. Strax á unga aldri var Sarrasine settur í umsjá jesúíta og sýndi snemma merki um óvenjulegt óstýrilæti. Bernska hans var eins og annarra hæfileikamanna. Hann lærði þegar honum þóknaðist, var mótþróafullur, og iðulega niðursokkinn í sundurlausar vangaveltur klukkutímum saman og var þá annaðhvort að virða fyrir sér félagu sína að leik eða að ímynda sér hetjurnar í Hómerskviðum. Og ef honum datt í hug að skemmta sér fylgdi því mikill eldmóður. Þegar sló í brýnu milli hans og skólafélaganna fylgdu því oftast blóðug átök. Ef hann varð undir þá beit hann. Hann var sitt á hvað framtakslaus og framtakssamur, klaufalegur og afburðagreindur, og þessi einkennilega skapgerð vakti ótta hjá kennurum hans og félögum. Í stað þess að læra grísku teiknaði hann háæruverðuga prestinn sem útskýrði fyrir þeim kafla eftir Þúkýdides, rissaði upp myndir af stærðfræðikennaranum, umsjónar-

manninum, herbergisþjónunum, prófdómaranum, og ataði alla veggi út í ókláruðum skissum. Í stað þess að syngja Drottni lof í kirkjunni skemmti hann sér við að skemma bekkinn sem hann sat á við messu og þegar honum tókst að stela nokkrum viðarbútum tálgaði hann einhvern kvendýrling. Ef hann vantaði spýtu, stein eða blýant mótaði hann hugmyndir sínar í mjúkt brauð. Hvort sem hann teiknaði upp persónur á málverkum sem skreyttu kórinn eða fann upp á þeim sjálfur þá skildi hann alltaf eftir í sæti sínu dónalegar skyssur sem ollu yngstu prestunum miklu hugarangri en rógberar sögðu að gömlu jesúítarnir hefðu brosað að þessu. Að lokum, sé nokkuð mark takandi á skólakrónikunni, var hann gerður brottrækur fyrir að hafa tálgað Krist út í stóran viðarbút á meðan hann beið eftir að röðin kæmi að honum í skriftastólnum. Guðlastið sem var rist í drumbinn var svo áberandi að það var óhjákvæmilegt að refsa listamanninum. Hann hafði verið svo óforskammaður að setja þessa meinhæðnu figúru ofan á oblátuskrínið! Sarrasine leitaði skjóls í París undan hótunum föður síns. Þar sem hann bjó yfir miklum viljastyrk og þekkti engar hindranir hlýddi hann snilligáfu sinni og fékk pláss á vinnustofu Bouchardons. Hann vann allan daginn og þegar kvöldaði fór hann og betlaði sér mat. Bouchardon var furðu lostinn yfir hæfileikum og framförum þessa unga listamanns og gat sér fljótt til um eymdina sem nemandi hans bjó við; hann kom honum til hjálpar, fór að þykja vænt um hann og leit á hann sem son sinn. Þegar snilligáfa Sarrasines kom síðan í ljós í einu verka hans, þar sem ófullburða hæfileikar börðust enn við ólgu æskunnar, reyndi hinn góðhjartaði Bouchardon að koma á sáttum við gamla saksóknarann. Hin föðurlega reiði hjaðnaði andspænis áhrifamætti þessa þekkta myndhöggvara. Besançon fagnaði því að vera fæðingarbær verðandi mikilmennis. Á fyrstu andartökum sæluvímunnar sem hégómagirndin hafði framkallað gerði níski saksóknarinn syni sínum kleift að koma vel fyrir í samfélaginu. Langt og strembið námið í höggmyndalistinni hélt ofsafenginni skapgerð og óheflaðri snilligáfu Sarrasines í skefjum lengi vel. Bouchardon gerði sér grein fyrir því hversu ákafar ástríðurnar yrðu þegar þær brytust út í þessari ungu sál, sem bjó ef til vill yfir eins miklum skaphita og Michelangelo, og kæfði þær með endalausum verkefnum. Honum lánaðist að halda óvenju-

legum eldmóði Sarrasines innan hæfilegra marka ýmist með því að banna honum að vinna, með því að stinga upp á afþreyingu þegar hann sá að einhver hugsun hafði reitt hann til reiði, eða með því að fela honum mikilvæg verkefni um leið og hann var tilbúinn í svall og ólífnað. Mildin var ætíð mikilvægasta vopnið þegar þessi ástríðufulla sál átti í hlut og meistarinn náði góðum tókum á nemanda sínum vegna þess að hinn ungi Sarrasine var honum þakklátur fyrir föðurlega umhyggjuna.

Þegar Sarrasine var tuttugu og tveggja ára gamall var óhjákvæmilegt að hann losnaði undan þeim heilnæmu áhrifum sem Bouchardon hafði á siðferði hans og venjur. Hann galt snillgáfu sína dýru verði með því að fá höggmyndaverðlaun sem markgreifinn af Marigny, sem var bróðir frúarinnar af Pompadour og gerði svo mikið fyrir listirnar, hafði efnt til. Diderot lýsti styttnu nemanda Bouchardons sem meistaraverki. Það var einkar sársaukafullt fyrir myndhöggvara konungs að sjá á eftir óreyndum ungum manni til Ítalíu, manni sem hann hafði vísitandi ekki upplýst um lífið sjálft. Um tíu ára skeið hafði Sarrasine verið í fæði hjá Bouchardon. Hann var fanatískur í listinni, eins og Canova varð síðar, vaknaði í dagrenningu, fór á vinnustofuna og kom ekki þaðan út aftur fyrr en seint um kvöld og deildi lífi sínu einungis með músunni sinni. Þegar hann fór í Comédie-Française-leikhúsið var það lærimeistari hans sem tók hann með sér. Honum leið svo illa hjá frú Geoffrin og meðal fína fólksins, sem Bouchardon reyndi að kynna hann fyrir, að hann kaus frekar að vera einn og hafnaði lystisemdunum sem lífið hafði upp á að bjóða á þessum tíma. Einu ástkonur hans voru Höggmyndalistin og Clotilde, ein af stjórnnum Óperunnar. Samt varð það samband ekki langlíft. Sarrasine var fremur ófriður, alltaf illa til fara og svo sjálfstæður að eðlisfari, svo óstöðugur í sínu einkalífi, að nýmfan fræga óttaðist hið versta og skilaði myndhöggvaranum aftur til Listarinnar. Sophie Arnould hefur sagt eitthvað viturlegt um þetta. Ég held að hún hafi verið hissa á að vinkona hennar hafi verið tekin fram yfir styttnu.

Sarrasine fór til Ítalíu árið 1758. Meðan á ferðalaginu stóð fylltist ímyndunaraflið eldmóði undir koparlitum himni og við að sjá stórkostleg mannvirkin sem blasa alls staðar við í föðurlandi Listanna. Hann dáðist að styttnum, veggmyndunum, málverkun-

um, og var kappsfullur er hann kom til Rómar og staðráðinn í að sjá nafn sitt á milli nafna Michelangelos og herra Bouchardons. Því varði hann fyrstu dögum dvalarinnar ýmist í vinnustofunni eða við að skoða hin fjölmörgu listaverk sem finna má í Róm. Hann hafði eytt tveimur vikum, gagntekinn eins og unga fólkið verður andspænis þessari drottningu rústanna, þegar hann lagði leið sína kvöld eitt í Argentina-leikhúsið þar sem mikill mannfjöldi var saman kominn. Hann spurðist fyrir um hvers vegna aðsóknin væri svona mikil og var svarað með tveimur nöfnum:

„Zambinella! Jomelli!“

Hann fór inn og fékk sér sæti í salnum, á milli tveggja *abbati* í góðum holdum sem þrengdu að honum en hann var svo heppinn að vera nálægt sviðinu. Tjaldið lyftist. Í fyrsta sinn á ævinni heyrði hann þessa tónlist sem herra Jean-Jacques Rousseau hafði farið svo lofsamlegum orðum um í návist hans í samkvæmi kvöld eitt hjá baróninum af Holbach. Það má því segja að hinir göfugu tónar Jomellis hafi á vissan hátt borið feiti á skilningarvit unga myndhöggvarans. Hann var frá sér numinn yfir tregafullum tónum ítölsku raddanna sem fléttuðust svo fagurlega saman. Hann var orðlaus, grafkyrr, gleymdi jafnvel prestunum tveimur. Sálín fann sér stað í eyrunum og augunum. Honum fannst hann heyra með hverri taug líkamans. Skyndilega titraði salurinn af dynjandi lófataki og fagnaði innkomu *prima donna*. Hún gekk hrífandi og faguð fram á sviðið og heilsaði áhorfendum af ómótstæðilegum yndisþokka. Ljósín, ákafinn í mannfjöldanum, töfrar sviðsins, heillandi klæðnaðurinn, sem þótti mjög aðlaðandi á þeim tíma, allt lagðist þetta á eitt um að gera þessa konu aðdáunarverða. Sarrasine stundi af ánægju. Á þessu andartaki dáðist hann að þessari fullkomnu fegurð sem hann hafði leitað að hér og þar, sótt fallega mótaða fótleggi til einnar fyrirsætu, iðulega af lægri stéttum, útlínur brjósts til annarrar, hvítar axlir enn annað; hann notaði sem sagt háls einhverrar ungrar stúlku, hendur einhverrar konu og mjúk hné einhvers barns, án þess að finna nokkru sinni hin mildu og glæsilegu sköpunarverk Forn-Grikkja undir köldum himni Parísarborgar. Í La Zambinella mátti sjá allar fínlegu línur kvenlíkamans þrungnar lífi og undurfögur, langþráð hlutföll sem myndhöggvari dæmir harðar og dáiir heitar en nokkur annar. Munnurinn var tjáningarríkur, augun full af

ást og hörundið skínandi hvítt. Og við þessi smáatriði, sem listmálari hefði hrifist af, má bæta öllum dásemdum Venusarstyttnanna sem Grikkir dýrka og höggva út. Listamaðurinn þreyttist ekki á að dásama undursamlega tengingu handleggjanna við brjóstkassann, mjúkan og fínlegan hálsinn, samræmið í dráttum augabrúna og nefs, fullkomlega ávalt andlitið og tærar útlínur þess, og þétt, sveigð augnhárin á breiðum og munúðarfullum augnlokunum. Þetta var meira en kona, þetta var meistaraverk. Og í þessu óvænta sköpunarverki var nægileg ást til að hrífa alla menn og fegurð sem ekki var hægt að gagnrýna.

Sarrasine reif í sig með augunum einum saman það sem honum fannst vera stytta Pygmalions, stigin niður af stallinum. Þegar La Zambinella hóf sönginn varð hann gagntekinn. Listamanninum varð kalt, síðan fann hann skyndilega eldneista innra með sér, á dýpi sem við tengjum hjartanu úr því að við höfum ekkert betra orð. Hann klappaði ekki, hann sagði ekki orð, hann fann fyrir brjálsemi, eins konar hamsleysi sem grípur okkur aðeins á þessum aldri þegar þráin verður einhvern veginn bæði skelfileg og djöfulleg. Sarrasine vildi helst kasta sér upp á sviðið og grípa þessa konu. Kraftur hans hafði hundraðfaldast vegna depurðar sem ómögulegt var að útskýra – þar sem fyrirbæri sem þessi gerast utan þess sviðs sem mennirnir sjá – og leitaðist við að brjótast út með sársaukafullu ofbeldi. Utan frá virtist Sarrasine vera heimskur og kaldranalegur. Frægð, þekking, framtíð, lífið, viðurkenningar, allt varð að hjómi.

„Annaðhvort elskar hún mig eða ég dey.“ Þannig hljómaði dómurinn sem hann kvað upp yfir sjálfum sér.

Hann var svo frá sér numinn að hann sá ekki salinn, hvorki áhorfendur né leikendur, og hann heyrði ekki í tónlistinni. Og það sem meira var, nú var engin fjarlægð lengur á milli hans og La Zambinella, hann átti hana, augu hans voru límd við hana, slógu eign sinni á hana. Nánast djöfullegur máttur gerði honum kleift að finna gustinn af þessari rödd, anda að sér ilmandi púðrinu sem þakti hár hennar, sjá misfellurnar í andlitinu, telja bláu æðarnar sem mynduðu örlítil blæbrigði á satínmjúkri húðinni. Og að lokum, þessi fima og ferska rödd með silfurhljóð, mjúk eins og þráður sem minnsti andblær getur mótað að vild, vafið upp og leyst úr,

teygt og togað í allar áttir; þessi rödd réðst svo djarflega á sál hans að oftár en einu sinni veinaði hann óvart af krampakenndum unaði sem mannleg ástríða er alltof spör á. Stuttu síðar þurfti hann að yfirgefa leikhúsið. Skjálfandi fótleggirnir neituðu nánast að halda honum uppi. Hann var uppgefinn, veikburða eins og truflaður maður sem hefur algerlega misst stjórn á skapi sínu. Hann hafði skynjað svo djúpa sælu, eða ef til vill hafði hann þjáðst svo mikið, að líf hans hafði flætt áfram eins og vatn úr vasa sem oltið hefur um koll. Hann fann fyrir tómi innra með sér, vonleysi í líkingu við máttleysið sem grípur þá sem hafa verið alvarlega veikir og fyllir þá örvæntingu þegar sjúkdómurinn er í rénun. Óútskýranleg sorg helltist yfir hann þar sem hann tyllti sér niður á kirkjutröppur. Hann hallaði sér upp að súlu og gleymdi sér í óljósum hugsunum, líkt og hann væri að dreyma. Ástríðan heltók hann. Þegar hann kom aftur heim rann á hann vinnuæði af þeim toga sem aðeins rennur á fólk þegar grundvallarbreyting hefur orðið á lífi þess. Ofurseldur þessum fyrsta ástríðuhita, sem bæði má rekja til ánægju og sársauka, ákvað hann að beisla ópolinmæðina og ofsann með því að teikna La Zambinella eftir minni. Þetta var eins konar efnisleg íhugun. Á einni teikningunni virtist La Zambinella yfirveguð og fjarlæg, að hætti Rafaels, Giorgiones og allra þekktu listmálaranna. Á annarri sneri hún höfðinu daðurslega um leið og hún söng tónaröð og það var eins og hún væri að hlusta á eigin rödd. Sarrasine rissaði upp myndir af konunni sem hann elskaði, í öllum stellingum; hann teiknaði hana án blæju, sitjandi, standandi, liggjandi, annaðhvort blygðunarfulla eða ástfangna, og töfrarnir í blýantsdráttunum gerðu honum kleift að draga upp allar sérkennilegu hugdettur sem herja á ímyndunaraflið þegar við erum með hugann bundinn við konu sem við elskum. En hamslaus hugsunin bar hann lengra en að blaðinu og blýantinum. Hann sá La Zambinella, talaði við hana, grátbað hana, varði þúsund árum ævi sinnar og hamingju með henni, setti hana í allar þær aðstæður sem hægt var að ímynda sér og lét reyna á, ef svo má segja, hvernig framtíðin yrði með henni. Næsta morgun bað hann þjón sinn að taka á leigu stúku nálægt sviðinu allt sýningarárið. Eins og allir stórhuga ungir menn gerði hann mikið úr þessu ætlunarverki sínu og byrjaði á því að næra ástríðuna á þeirri hamingju að geta dáðst að viðfangi sínu

hindrunarlaust. Þessi gullöld ástarinnar, þegar tilfinningin sem ástin vekur veitir okkur gleði og okkur tekst næstum því að finna hamingju í einsemdinni, átti ekki eftir að verða langlíf hjá Sarrasine. Atburðirnir áttu sér þó stað á meðan hann var enn undir töfrum þessara fyrstu ofskynjana sem voru í senn einfeldningslegar og munúðarfullar. Á einni viku lifði hann heila ævi þar sem hann hóf dag hvern á að hnoða leirinn sem hann notaði til að gera eftirmyndir af La Zambinella þrátt fyrir blæjurnar, pilsin, bolina og slaufurnar sem voru í veginum. Á kvöldin mætti hann snemma í stúkuna, aleinn, hallaði sér niður á sófa, eins og Tyrki í ópíumvímu, og gaf hamingjunni lausan tauminn. Til að byrja með kynntist hann æ betur þessum ofursterku tilfinningum sem söngur ástkonunnar vakti með honum; því næst vandi hann augu sín við að horfa á hana og að lokum gat hann virt hana fyrir sér án þess að eiga á hættu að þetta þögla æði, sem hafði gripið hann daginn sem hann fyrst leit hana augum, kæmi yfir hann aftur. Ástríðan dýpkaði við þessa rósemd. Því má bæta við að þessi ómannblendni myndhöggvari gat ekki afborið að félagarnir trufluðu einveru hans sem iðaði af lífi og myndum og var yfirfull af hamingjudraumum og von. Ást hans var svo heit og svo einlæg að hann þurfti að umbera þá saklausu nákvæmni sem lætur á sér kræla þegar við verðum ástfangin í fyrsta skipti. Þegar honum varð ljóst að ekki væri eftir neinu að bíða, hann þyrfti að leita upplýsinga, komast að því hvar La Zambinella byggði, vita hvort hún ætti móður, frænda, forsjármann, fjölskyldu, og þegar hann velti fyrir sér hvernig hann ætti að fara að því að hitta hana, tala við hana, þá fann hann hvernig hjartað bardist í brjósti hans við þessar metnaðarfullu hugsanir og því sló hann þessum verkefnum á frest til morgundagsins og naut þess jafn mikið að þjást líkamlega og að gæla við hugsanir sínar.“

„En,“ sagði frúin af Rochefide og tók af mér orðið, „ég sé hvorki Marianinu bregða fyrir né litla öldungnum hennar.“

„Hann er það eina sem þú sérð,“ hrópaði ég upp yfir mig, ergilegur eins og þegar komið er upp um óvænt endalok hjá sögu-manni. „Um nokkurra daga skeið,“ hélt ég áfram eftir stutt hlé, „kom Sarrasine af svo mikilli tryggð og trúfestu í stúkuna og ástin skein svo heitt úr augum hans að ástríða hans á La Zambinella hefði verið á allra vörum ef sagan hefði gerst í París, en á Ítalíu, frú



mín góð, fer fólk ekki í leikhúsið til að njósna um aðra með leikhúskíkinum heldur til að svala eigin ástríðu og tilfinningum. Þess var þó ekki langt að bíða að söngvararnir og söngkonurnar tækju eftir taumleysi myndhöggvarans. Kvöld eitt varð Fransmaðurinn þess var að hann var aðhlátursefni baksviðs. Það er erfitt að segja til um hvað hann hefði gert ef La Zambinella hefði ekki stigið fram á sviðið. Hún leit á Sarrasine og augu hennar sögðu miklu meira en konur yfirleitt kæra sig um. Þetta augnaráð var sannkölluð hugljómun. Hún elskaði Sarrasine!

„Ef þetta eru bara duttlungar,“ hugsaði hann, og grunaði ástkonu sína nú þegar um of mikinn tilfinningahita, „þá veit hún ekki hvaða vald mun ná tökum á henni. Ég vona að duttlungarnir endist þar til ég dey.“

Á þeirri stundu var barið þrisvar á stúkudyrnar og athygli listamannsins trufluð. Hann opnaði. Gömul kona gekk inn, dularfull í fasi.

„Ungi maður,“ sagði hún, „ef þú vilt vera hamingjusamur skaltu sýna aðgát. Sveipaðu um þig skikkju, láttu stóran hatt slúta yfir augun og um tíuleytið í kvöld skaltu fara að Hôtel d'Espagne í Corso-götu.“

„Ég verð þar,“ svaraði hann og lagði tvo hlöðvispeninga í hrukkóttan lófa velsæmisvarðarins.

Hann laumaðist út úr stúkunni eftir að hafa gefið La Zambinella merki og hún lygnt munúðarfullum augunum feimnislega, eins og kona sem gleðst yfir að einhver skuli loks hafa skilið hana. Síðan flýtti hann sér af stað heim til þess að búa sig sem best úr garði. Þegar hann kom út úr leikhúsinu greip ókunnugur maður í handlegg hans.

„Farðu varlega, herra Fransmaður,“ var hvíslað í eyra hans. „Þetta snýst um líf og dauða. Cicognara kardináli er verndari hennar og hann er ekkert lamb að leika sér við.“

Þótt einhver djöfull hefði grafið hyldjúpa gjá milli Sarrasines og La Zambinella hefði hann komist auðveldlega yfir hana. Eins og ódauðlegu hestarnir í kviðum Hómers hafði ást myndhöggvarans á einni svipstundu farið óravegu.

„Þótt dauðinn biði mín þegar ég stíg yfir þröskuldinn myndi ég hraða för minni enn frekar,“ svaraði hann.



„*Poverino!*“ hrópaði ókunnugi maðurinn upp yfir sig um leið og hann lét sig hverfa.

En til hvers að nefna hættur við ástfanginn mann? Er það ekki bara eins og að selja honum nautnir? Þjónn Sarrasines hafði aldrei séð húsbónda sinn nostra svona við útlitið. Fallegasta sverðið, gjöf frá Bouchardon, slaufan sem Clotilde hafði gefið honum, frakkinn með glansandi bryddingunum, silfurofna vestið, gyllta neftóbaksdósín, fínustu úrin; allt var dregið upp úr kistunum og hann hafði sig til eins og ung stúlka sem á að sýna sig fyrsta vonbiðlinum. Á tilteknum tíma, ölvaður af ást og fullur vonar, flýtti Sarrasine sér, með nefið grafið ofan í frakkann, á fund gömlu konunnar. Hún beið hans.

„Þú lætur bíða eftir þér!“ sagði hún. „Komdu.“

Hún fór með Fransmanninn um þröngar götur og nam svo staðar fyrir framan nokkuð reisulega höll. Þar barði hún að dyrum. Þær opnuðust. Hún fylgdi Sarrasine um völuðarhús stiga, ganga og herbergja sem einungis dauft tunglskinið lýsti upp og kom innan skamms að dyrum; meðfram hurðinni skein skært ljós og þaðan barst glaðlegur ómur margra radda. Sarrasine fékk ofbirtu í augun þegar honum leyfðist að stíga inn í þessa leyndardómsfullu vistarveru fyrir orð gömlu konunnar. Stofan var uppljómuð og ríkulega búin húsgögnum og á miðju gólfi var borð hlaðið drykkjum, dýrindis víni, í geislandi rauðleitum flöskum. Hann þekkti söngvarana og söngkonurnar úr leikhúsinu, ásamt hrífandi konum, og öll voru þau tilbúin að taka þátt í gleðskap listamanna þar sem engan vantaði nema hann. Sarrasine hélt aftur af gremjunni og lét engan bilbug á sér finna. Hann hafði gert sér vonir um illa upplýst herbergi, þar sem hin heittelskaða sæti við eldinn og öfundarmaður væri í tveggja skrefa fjarlægð, dauðinn og ástin, hljóðskraf um hjartans mál, í fyllsta trúnaði, hættulegir kossar og andlitin svo nálægt hvort öðru að hár La Zambinella hefði gælt við enni hans, fullt af þrá, heitt af hamingju.

„Lifi brjálsemin!“ kallaði hann upp yfir sig. „*Signore e belle donne*, þið verðið að leyfa mér að launa ykkur síðar, og tjá ykkur þakklæti mitt fyrir að taka á móti vesælum myndhöggvara.“

Eftir að hafa tekið við innilegum hamingjuóskum frá flestum viðstöddum, sem hann þekkti í sjón, reyndi hann að komast nær

hægingastólnum þar sem La Zambinella lá makindalega. Ó! Hjartað tók kipp í brjósti hans þegar hann kom auga á snotran fót í þessari tegund af skóm sem – ef ég má bæta því við, frú mín góð – gerðu kvenfætur hérna áður fyrr svo yndislega munaðarlega að ég veit ekki hvernig karlmenn gátu staðist þá. Hvítu sokkarnir með græna munstrinu sátu vel, stuttu pilsin, támjóu skórnir með háu hælunum sem tíðkuðust á tímum Loðvíks XV og hafa ef til vill átt dálítinn þátt í að brjóta niður Evrópu og klerkastéttina.“

„Dálítinn!“ sagði markgreifafrúin. „Ertu alveg ólesinn?“

„La Zambinella,“ hélt ég áfram og brosti, „hafði krosslagt fótleggina blygðunarlaust og sveiflaði þeim efri á meðan hún gantaðist; hún var eins og hertogaynja og það klæddi hana vel því að fegurð hennar var geðþóttafull og þrugin eins konar freistandi mýkt. Hún hafði farið úr leikbúningnum og íklæðst stuttum jakka sem sýndi grannt mittið og sem pilsaglennur og satínkjóll með bláum bróderuðum blómum undirstrikuðu. Barmurinn var skjannahvítur og finleg, íburðarmikil blúnda faldi fjársjóðinn sem hann geymdi. Hárið var greitt nánast eins og á frúnni af Barry, og þó að höfuðfatið væri breitt var hún eiginlega fallegri fyrir vikið og púðrið fór henni vel. Að sjá hana svona var ígildi þess að elska hana. Hún brosti af yndisþokka til myndhöggvarans. Sarrasine var allt annað en ánægður með að geta ekki talað við hana augliti til auglitis en fékk sér sæti við hlið hennar og spjallaði við hana um tónlist og hrósaði henni fyrir sína stórkostlegu hæfileika en rödd hans titraði af ást, ótta og von.

„Við hvað ertu hræddur?“ spurði Vitagliani, þekktasti söngvari hópsins. „Svona, hér er enginn keppinautur sem þú þarft að óttast.“

Tenórinn brosti þögull. Sama bros mátti greina á vörum allra viðstaddra og í því var falin glettni sem ólíklegt var að elskhugi áttaði sig á. Þessi opinberun á ást hans var eins og hnífssunga í hjartastað. Þótt Sarrasine væri viljasterkur og ekkert gæti haft áhrif á ást hans þá hafði sennilega ekki hvarflað að honum að starf La Zambinella var ekki alveg óskyldt starfi gleðikonu og að hann gæti ekki vænst þess að njóta samtímis þeirra ósnortnu unaðsemda sem gera ást ungrar stúlku svo ljúfa og ofsafengnu ástriðukastanna sem þarf til að vinna ástir leikhúskonu. Hann hugsaði sig um og sætti sig við hlutskipti sitt. Kvöldmatur var borinn fram. Sarrasine og La

Zambinella settust hlið við hlið, viðhafnarlaust. Framan af veislunni voru listamennirnir fremur þrúðir og myndhöggvarinn gat spjallað við söngkonuna. Honum fannst hún andrík og faguð en hún var furðu fávís og virtist veikgeðja og hjátrúarfull. Dómgreind hennar var jafn viðkvæm og líkaminn. Þegar Vitagliani dró tappann úr fyrstu kampavínsflöskunni gat Sarrasine lesið úr augum konunnar við hlið sér ótta við hávaðann. Listamaðurinn ástfangni túlkaði þennan ósjálfráða skjálfta kvenlíkamans sem merki um yfirgengi-legt tilfinninganæmi. Fransmaðurinn hreifst af þessum veikleika. Það er svo mikil verndarlöngun í ást karlmanns.

„Þú getur notað kraft minn sem skjöld!“

Er þessi setning ekki skrifuð neðst í öllum ástarjátningum? Sarrasine var of ástríðufullur til að þylja ástarorð yfir sinni fögru ítölsku ástmey og eins og allir elskhugar var hann sitt á hvað alvarlegur, hláturmildur eða íhugull. Hann virtist hlusta á gestina en heyrði samt ekki orð af því sem þeir sögðu, svo niðursökkinn var hann í að njóta þess að vera nálægt henni, að strjúka hönd hennar, að þjóna henni. Hann sveif um í leyndri sæluvímu. Þótt mikið mætti lesa úr nokkrum augnatillitum kom honum á óvart hversu hlédræg La Zambinella var í návist hans. Hún hafði verið fyrri til að þrýsta fót hans og æsa hann upp af kankvísinni sem einkennir frjálssar og ástfangnar konur, en skyndilega, eftir að Sarrasine hafði lýst fyrir henni skapofsanum sem hann bjó yfir, hafði hún falið sig á bak við hógværð ungrar stúlku. Þegar kvöldverðurinn breyttist í gleðskap brustu gestirnir í söng, innblásnir af vínunum frá Peralta og Pedro Ximenès. Þetta voru heillandi dúettar, lög frá Kalabríu, spænskar segíðillur, söngvar frá Napólí. Ölvunin var allsráðandi, í augunum, tónlistinni, hjörtunum og röddunum. Gáskinn var svo mikill, innileikinn svo einlægur og ljúfmennskan svo ítölsk að þeir sem þekkja aðeins samkvæmin í París, veisluhöldin í London og mannamótin í Vínarborg geta ekki gert sér í hugarlund hvernig þetta var. Spaugsyrdi og ástarorð mættust eins og skot í bardaga inn á milli hlátraskalla, guðlasts og ákalla til Maríu meyjar eða *al Bambino*. Einn gestanna lagðist niður á sófa og sofnaði. Ung stúlka hlustaði á ástarjátningu og tók ekki eftir því að hún hellti sérri á dúkinn. Í miðri hringiðunni var La Zambinella hugsi á svip, eins og hún væri skelfingur lostin. Hún vildi ekki drekka, kannski borðaði

hún aðeins of mikið, en svo er sagt að ást á mat sé þokkafull þegar konur eiga í hlut. Sarrasine dáðist að sómatilfinningu ástkonu sinnar og hugsaði um framtíðina af alvöru.

„Hún vill örugglega að ég kvænist sér,“ sagði hann við sjálfan sig.

Við þá tilhugsun lét hann sig dreyma um dásemdir hjónabandsins. Honum fannst líf sitt of stutt til að njóta allrar hamingjunnar sem sál hans var uppfull af. Vitagliani, sem sat við hlið hans, hellti svo oft í glasið að um þrjúleytið um morguninn var Sarrasine ófær um að hafa stjórn á ástríðu sinni þótt hann væri ekki ofurölvi. Hann fylltist skyndilega ofurkappi, greip konuna og flýtti sér með hana inn í lítið herbergi inn af stofunni sem hann hafði gefið auga oftar en einu sinni. Ítalska konan var vopnuð rýtingi.

„Ef þú kemur nær,“ sagði hún, „neyðist ég til þess að reka hnífinn þér í hjartastað. Farðu! Þú myndir fyrirrita mig. Ég ber of mikla virðingu fyrir þér til að gefa mig þér á vald með þessum hætti. Ég vil ekki falla af stallinum sem þú hefur sett mig á.“

„Æ!“ svaraði Sarrasine, „það reynist ekki vel að slökkva ástríðu með því að kynda undir henni. Ert þú orðin svo spillt, hjartað svo lúið, að þú hagir þér eins og ung gleðikona sem vekur tilfinningarnar sem hún byggir afkomu sína á?“

„En það er föstudagur í dag,“ svaraði hún skelkuð yfir ákafanum í Fransmanninum.

Sarrasine var ekki trúrækinn og fór að hlæja. La Zambinella stökk af stað eins og ungt ráðyr og tók á sprett inn í veislusalinn. Þegar Sarrasine kom hlaupandi á eftir henni tók á móti honum djöfullegur hlátur. Hann sá La Zambinella sem hafði hnigið niður á sófa. Hún var föl og leit út fyrir að vera uppgefin eftir áreynsluna. Þó að Sarrasine kynni ekki mikið í ítölsku heyrði hann sína heitelskuðu segja lágum rómi við Vitagliani:

„En hann drepur mig!“

Þessi furðulega sviðsmynd ruglaði myndhöggarann í ríminu. Svo náði hann áttum á ný. Hann stóð kyrr, tók síðan aftur til máls, settist niður við hlið La Zambinella og fullyrti að hann bæri mikla virðingu fyrir henni. Hann fann þrótt til þess að halda aftur af ástríðu sinni meðan hann fór háfleygum orðum um ást sína og brá fyrir sig mestu djásnum mælskulistarinnar, en hún er greiðvikinn

túlkur sem konurnar treysta langoftast. Þegar fyrsta skíma nýs dags læddist að gestunum stakk ein kvennanna upp á því að þau færu til Frascati. Allir fögnuðu hugmyndinni um að eyða deginum í Villa Ludovisi. Vitagliani fór niður til að leigja hestvagna. Sarrasine var svo heppinn að lenda í opnum vagni með La Zambinella innan-borðs. Um leið og þau voru komin út úr Róm vaknaði kátínan á nýjan leik en hún hafði dofnað um stund í baráttunni við svefninn. Karlar sem konur, öll virtust þau alvön þessu furðulega lífi, þessum endalausum lystisemdum, þessum drifkrafti listamannsins sem gerir lífið að sífelldri skemmtun þar sem hægt er að hlæja án nokkurra bakþanka. Samfylgdarkona myndhöggvarans var sú eina sem virtist vera niðurdregin.

„Ertu lasin?“ spurði Sarrasine. „Viltu frekar fara heim til þín?“

„Ég er of veikburða fyrir þetta óhóf,“ svaraði hún. „Ég þarf að fara varlega en mér líður svo vel í návist þinni! Ef ekki væri fyrir þig hefði ég ekki verið viðstödd veisluna í gærkvöldi; ég þoli alls ekki að missa úr nótt.“

„Þú ert svo viðkvæm!“ hélt Sarrasine áfram og virti fyrir sér fegurð þessarar hrífandi veru.

„Gjálífið skemmir í mér röddina.“

„Núna þegar við erum ein,“ hrópaði listamaðurinn upp yfir sig, „og þú þarft ekki að óttast að ég missi stjórn á ástríðu minni, segðu mér að þú elskir mig.“

„Af hverju?“ svaraði hún, „hvaða tilgangi þjónar það? Þú hreifst af mér. En þú ert Fransmaður og tilfinningar þínar verða ekki langlífár. Æ! Þú myndir ekki elska mig, ekki eins og ég vildi vera elskuð.“

„Hvað áttu við?“

„Af hreinni ástríðu, ekki lágkúrulegri. Mig hryllir enn meira við körlum en konum. Ég finn skjól í vináttunni. Heimurinn hefur ekkert fyrir mig. Á mér hvílir bölvun, mín örlög eru að skilja hamingjuna, finna hana, þrá hana, og líkt og margir aðrir sé ég hana renna mér úr greipum. Mundu, herra minn, að ég hef ekki reynt að blekkja þig. Ég banna þér að elska mig. Ég get reynst þér tryggur vinur vegna þess að ég dáist að styrk þínum og skapgerð. Ég hef þörf fyrir bróður, verndara. Vertu allt þetta fyrir mig, en ekkert annað.“

„Og hætta að elska þig!“ kallaði Sarrasine upp yfir sig, „en þú ert það eina sem ég lifi fyrir, engillinn minn, og það sem gerir mig hamingjusaman!“

„Það þarf ekki nema eitt orð til þess að ég veki þér viðbjóð.“

„Yndið mitt! Ekkert getur vakið með mér ótta. Segðu mér að þú munir svipta mig framtíðinni, að ég muni deyja eftir tvo mánuði, að bölvun muni hvíla á mér fyrir það eitt að hafa kysst þig.“

Hann kyssti hana þrátt fyrir mótspyrnu La Zambinella sem reyndi að komast undan þessum ástríðufullu blíðuhótum.

„Segðu mér að þú sért illvættur, að þú hafir þörf fyrir aleigu mína, nafn mitt, það sem ég er frægur fyrir! Viltu að ég leggi starf mitt sem myndhöggvari á hilluna? Segðu mér hvað þú vilt.“

„Og hvað ef ég væri ekki kona?“ spurði La Zambinella feimnislega mjúkri og silfurskærri röddu.

„Þér er ekki alvar!“ hrópaði Sarrasine upp yfir sig. „Heldur þú að hægt sé að blekkja auga listamanns? Hef ég ekki, í heila tíu daga, grannskoðað, starað á og dáð þína fullkomnu fegurð? Aðeins konur geta haft svona mjúkan og ávalan handlegg, þessar yndislegu útlínur. Æ! Þú vilt að ég slái þér gullhamra!“

Hún brosti dapurlega og hvíslaði:

„Bölvaða fegurð!“

Hún lyfti augunum til himins. Á þessari stundu var augnaráð hennar þrungið svo miklum og svo djúpum hryllingi að Sarrasine var brugðið.

„Herra Fransmaður,“ hélt hún áfram, „gleymdu í eitt skipti fyrir öll því sem var ekki annað en stundarbrjálæði. Ég ber virðingu fyrir þér, en ekki biðja mig um ást, ég hef kæft þá tilfinningu í hjarta mér. Ég hef ekkert hjarta!“ hrópaði hún og grét. „Sviðið þar sem þú sást mig, lófaklappið, tónlistin, frægðin sem fylgir mér, svona er líf mitt, ég á mér ekki annað líf. Eftir nokkrar klukkustundir muntu ekki líta mig sömu augum, konan sem þú elskar verður dái.“

Myndhöggvarinn svaraði engu. Hann var heltekinn þögulli bræði sem gerði honum þungt fyrir brjósti. Hann gat ekki annað en horft á þessa stórkostlegu konu með augum sem loguðu og brunnu. Veikburða röddin, fasið, framkoman og hreyfingar La Zambinella báru með sér sorg, depurð og uppgjöf og þær vöktu með honum

sterkar tilfinningar. Hvert orð var áeggjan. Á þeirri stundu komu þau til Frascati. Þegar listamaðurinn rétti fram handleggina til að hjálpa sinni heittelskuðu niður úr kerrunni fann hann að hún titraði og skalf.

„Hvað er að? Ég myndi deyja,“ sagði hann þegar hann sá að hún fölnaði, „ef ég hefði óafvitandi valdið þér minnsta sársauka.“

„Slanga!“ sagði hún og benti á grassnák sem skreið meðfram skurði. „Ég er hrædd við þessi andstyggilegu dýr.“

Sarrasine kramdi hausinn á snáknum undir skónum.

„Mikið ertu hugrakkur!“ hélt La Zambinella áfram og hræðslan við dautt skriðdýrið skein úr augum hennar.

„Nú jæja,“ sagði listamaðurinn og brosti, „þorir þú virkilega að halda því fram að þú sért ekki kona?“

Þau slógust í hóp með ferðafélögum sínum og gengu um skógana í Villa Ludovisi sem á þessum tíma tilheyrði Cicognara kardinála. Morgunninn leið of hratt fyrir ástfangna myndhöggvarann en fjölmörg atvik afhjúpuðu ástleitni, veikleika og viðkvæmni þessarar þróttlausu og veikbyggðu sálar. Þetta var hin sanna kona sem verður allt í einu dauðhrædd, gerir það sem henni dettur í hug án nokkurrar ástæðu, er óróleg og tilfinningasöm, sýnir ósvífni upp úr þurru, er ögrandi og dásamlega tilfinninganæm. Litli, glaðværi söngvarahópurinn sá á göngu sinni nokkra menn í fjarska, gráa fyrir járnum, og síður en svo traustvekjandi. Við orðin: „Þarna eru ræningjar á ferð,“ greikkuðu allir sporið til að komast í skjól innan virkisveggja sem umluktú sveitasetur kardinálans. Á þessari hættustundu sá Sarrasine að La Zambinella var náföl og hafði ekki kraft til að halda göngunni áfram; hann lyfti henni upp og hljóp með hana í fanginu um stund. Þegar hann kom að vínækru sem var skammt undan setti hann konuna sem hann elskaði niður.

„Útskýrðu fyrir mér,“ sagði hann við hana, „hvernig þessi mikli veikleiki, sem mig myndi hrylla við og leiðast í fari allra annarra kvenna og sem nægði, jafnvel í mýflugumynd, til að slökkva ást mína, heillar mig í fari þínu og fellur mér vel í geð? Ó, ég elska þig svo heitt!“ hélt hann áfram. „Gallarnir, hræðslan, brestirnir auka á þína innri fegurð. Ég myndi leggja fæð á sterka konu, í líkingu við Saffó, sem væri hugrökk, þróttmikil og ástríðufull. Ó, veikbyggða og ljúfa kona! Hvernig gætir þú verið öðruvísi? Þessi engilblíða



rödd, þessi finlega rödd hefði ekki getað komið úr öðrum líkama en þínum.“

„Ég get ekki gefið þér nokkra von,“ sagði hún. „Láttu af þessu tali því að það verður hlegið að þér. Mér er ómögulegt að banna þér að koma í leikhúsið, en ef þú elskar mig eða ef þú ert skynsamur, þá stígur þú ekki fæti þínum þangað framar. Hlustaðu á mig, herra,“ sagði hún alvarlegum rómi.

„Uss, hættu nú,“ sagði listamaðurinn gagntekinn, „hindranir efla ástina í hjarta mér.“

La Zambinella var hógvær og þokkafull á svip en hún þagnaði líkt og skelfileg hugsun hefði svipt hulunni af einhverri ógæfu. Þegar tímabært var að snúa aftur til Rómar steig hún upp í lokaðan fjögurra sæta hestvagn og skipaði myndhöggvaranum, af valdsmannslegri grimmd, að fara einn til baka í opna vagninum. Á leiðinni tók Sarrasine ákvörðun um að ræna La Zambinella. Hann varði öllum deginum í gerð stórkostlegra áforma. Þegar kvöldaði fór hann út til að spyrjast fyrir um hvar höllina sem hans heitelskaða byggi í væri að finna og rakst hann á einn félaga sinna við útidyrnar.

„Kæri vinur,“ sagði félaginn, „sendiherra okkar fól mér að bjóða þér til sín í kvöld. Það verða dýrðlegir tónleikar hjá honum og þegar þú veist að La Zambinella verður þarna ...“

„La Zambinella,“ kallaði Sarrasine upp yfir sig, gagntekinn af nafninu, „ég elska hana út af lífinu!“

„Það gera allir,“ svaraði félaginn.

„En ef þið eruð sannir vinir, þú, Vien, Lauterbourg og Allegrain, réttið þið mér þá ekki hjálparhönd eftir tónleikana?“ spurði Sarrasine.

„Þarf nokkuð að myrða kardinála, þarf nokkuð ...“

„Nei, nei,“ svaraði Sarrasine, „ég bið ykkur einskis sem heiðursmenn geta ekki gert.“

Myndhöggvarinn undirbjó allt í flýti svo ekkert færi úrskaiðis. Hann var einn af síðustu gestunum hjá sendiherranum en kom í ferðavagni sem kraftmiklum hestum var beitt fyrir og sem einn af leiknustu *vetturini* í Róm ók. Höll sendiherrans var þéttsetin fólki og myndhöggvarinn, sem engir viðstaddir könnuðust við, þurfti að ryðja sér leið inn í salinn þar sem La Zambinella var að syngja.

„Ætli það sé af virðingu fyrir kardínálunum, biskupunum og ábótunum sem hér eru,“ spurði Sarrasine, „að *hún* klæðist karlmannsfötum, að hár hennar er liðað og tekið saman í hnakkanum, og að hún er girt sverði?“

„Hún! Hún hver?“ svaraði gamli herramaðurinn sem Sarrasine beindi orðum sínum að.

„La Zambinella.“

„La Zambinella?“ endurtók rómverski prinsinn. „Ertu að spauga? Hvaðan kemur þú? Hafa konur nokkru sinni stigið á svið í Róm? Og veistu ekki hvernig fólk það er sem leikur kvenhlutverk á yfirráðasvæðum páfans? Það var ég, herra minn, sem gaf Zambinella röddina. Ég borgaði allt fyrir þennan furðufugl, líka söngkennarann. En hann er svo vanþakklátur að hann hefur ekki viljað stíga fæti inn fyrir þröskuldinn hjá mér. En ef hann kemst í álnir er það eingöngu mér að þakka.“

Chigi prins hefði eflaust getað haldið áfram að tala, lengi, en Sarrasine hlustaði ekki. Það var eins og eldingu hefði slegið niður í hann. Hryllilegur sannleikur hafði búið um sig í hjarta hans. Hann var grafkyrr og leit ekki af þessum svokallaða söngvara. Leiftrandi augnaráðið hafði segulmögnuð áhrif á Zambinella því að þessi *musico* beindi augunum skyndilega að Sarrasine og við það breyttist hans himneska rödd. Hann titraði! Óvæntur kliður steig upp frá áheyrendum, sem voru sem límdir við varir hans, og það kom honum alveg úr jafnvægi; hann settist og lauk ekki við ariuna. Svo lítið bæri á hafði Cicognara kardínáli fylgst með augnaráði skjólstaðings síns og komið þannig auga á Fransmanninn; hann hallaði sér að einum aðstoðarmanna sinna og virtist spyrja hann hvað myndhöggvarinn hét. Þegar hann hafði fengið svarið sem hann beið eftir virti hann myndhöggvarann afar vandlega fyrir sér og gaf síðan ábóta nokkrum fyrirmæli, en sá lét sig hverfa án tafar. Meðan á þessu stóð hafði Zambinella jafnað sig og byrjaði aftur á verkinu sem hann hafði hætt við í miðjum klíðum en hann söng illa og neitaði að syngja annað lag, þrátt fyrir fortölur viðstaddra. Þetta var í fyrsta sinn sem hann beitti þessari geðþóttafullu stífni sem hann átti eftir að verða jafn frægur fyrir og hæfileikana og auðæfin miklu, sem sagt var að hann gæti þakkað röddinni ekki síður en fegurðinni.

„Þetta er kona,“ sagði Sarrasine líkt og hann væri einn í stofunni. „Hér er ekki allt með felldu. Cicognara kardínáli blekkir páfann og alla Rómaborg!“

Myndhöggvarinn yfirgaf salinn án tafar, kallaði saman vini sína og kom þeim fyrir svo lítið bæri á í hallargarðinum. Þegar Zambinella var sannfærður um að Sarrasine væri farinn virtist hann rólegri. Undir miðnætti, eftir að hafa ráfað um salina eins og maður í leit að óvini, yfirgaf *musico* samkomuna. Þegar hann gekk út um hallardyrnar var hann gripinn af mönnum sem bundu klút fyrir munn hans og komu honum svo fyrir í hestvagninum sem Sarrasine hafði tekið á leigu. Skelfingu lostinn hnipraði Zambinella sig saman í horninu og þorði ekki að hreyfa sig. Andspænis honum var ógnvekjandi ásjóna listamannsins sem var þögull sem gröfin. Þeir fóru ekki langt. Zambinella, sem Sarrasine hafði numið á brott, var nú kominn inn í dimma og tómlega vinnustofu. Söngvarinn sat á stól, nær dauða en lífi, og þorði ekki að horfa á stytta af konu þar sem hann gat greint sína eigin andlitsdrætti. Hann sagði ekki eitt einasta orð og það glömrðu í honum tennurnar. Hann var lamadur af ótta. Sarrasine skálmaði fram og aftur. Skyndilega nam hann staðar fyrir framan Zambinella.

„Segðu mér satt,“ bað hann lágri, titrandi röddu. „Ertu kona? Cicognara kardínáli ...“

Zambinella féll á kné og svaraði einungis með því að drúpa höfði.

„Ah! Þú ert kona,“ hrópaði listamaðurinn upp yfir sig, gagnstekinn, „því að jafnvel ...“ Hann lauk ekki við setninguna. „Nei,“ hélt hann áfram, „*hann* gæti ekki lagst svo lágt.“

„Æ! Ekki drepa mig,“ veinaði Zambinella og brast í grát. „Ég féllst á að gabba þig til þess eins að þóknast félögum mínum sem langaði að skemmta sér.“

„Skemmta sér!“ svaraði myndhöggvarinn djöfullegum rómi. „Skemmta sér, skemmta sér! Þú dirfist að leika þér að ástríðum karlmanns. Þú?“

„Hlífðu mér!“ svaraði Zambinella.

„Ég ætti að ráða þig af dögum!“ hrópaði Sarrasine og dró ofsafullur sverð sitt úr slíðrum. „En,“ hélt hann áfram af kaldri fyrirlitningu, „hvað hefði ég upp úr því að rista þig á hol, hvað

fyndi ég þar? Tilfinningu sem þyrfti að kæfa eða eitthvað sem svalað gæti hefndarþorstanum? Þú ert ekki neitt. Hvort sem þú ert karl eða kona þá myndi ég drepa þig! En ...“

Sarrasine fylltist viðbjóði, sneri sér undan og sá þá styttna.

„Og þetta er talsýn!“ hrópaði hann upp yfir sig.

Síðan leit hann á Zambinella.

„Fyrir mér var kvenmannshjarta skjól, heimaland. Áttu systur sem líkjast þér? Nei, þá skaltu deyja! Nei, þú átt að lifa. Eru það ekki grimmarí örlög en að deyja? Ég syrgi hvorki blóð mitt né líf heldur framtíð mína og hamingju. Þín veikburða hönd hefur gert gleði mína að engu. Hvaða von get ég rænt þig í stað þeirra vona sem þú hefur spillt? Þú hefur gert úr mér það sama og þú ert. Orðin *að elska* og *vera elskaður* eru hédan í frá rúin allri merkingu fyrir mér, eins og fyrir þér. Ég mun í sífellu hugsa um þessa ímynduðu konu þegar ég sé raunverulega konu.“

Hann benti örvæntingarfullur á styttna.

„Ég losna aldrei við minninguna um himneska harpyju sem læsir klónum í allar mínar tilfinningar sem karlmaður og gerir allar konur ófullkomnar! Viðundur! Þú sem ekki getur skapað líf hefur þurrkað út fyrir mér allar konur af þessari jörð.“

Sarrasine settist niður andspænis dauðhræddum söngvaranum. Tvö stór tár runnu úr þurrum augunum og niður eftir karlmannlegum kinnunum og á gólfið: tvö reiðitár, beisk og brennheit.

„Aldrei framar mun ég elska! Unaðurinn er ekki til fyrir mér lengur, engar mannlegar tilfinningar.“

Að svo mæltu greip hann hamar og þeytti honum í átt að styttnunni af því líkum krafti að hann missti marks. Hann taldi sig hafa eyðilagt þennan minnisvarða um eigin brjálsemi og hóf þá sverðið á loft í því skyni að drepa söngvarann. Zambinella rak upp skerandi óp. Á þeirri stundu þustu þrír menn inn og ráku allir rýting í myndhöggvarann sem hneig niður.

„Með kveðju frá Cicognara kardinála,“ sagði einn þeirra.

„Þetta er góðverk sem sæmir kristnum manni,“ svaraði Franskaðurinn og gaf upp öndina.

Þessir skuggalegu erindrekar sögðu Zambinella frá því að verndari hans hefði haft áhyggjur af honum og biði hans við úti-

dyrnar í lokuðum vagni til þess að fara með hann burt um leið og þeir hefðu frelsað hann.“

„En,“ sagði frúin af Rochefide við mig, „hvernig tengist þessi saga litla öldungnum sem við sáum hjá Lanty-fjölskyldunni?“

„Frú mín góð, Cicognara kardínáli sló eign sinni á styttna af Zambinella og lét höggva hana út í marmara, hana er nú að finna á Albani-safninu. Það var einmitt þar, árið 1791, sem Lanty-fjölskyldan kom auga á hana og bað Vien að gera eftirmynd. Andlitsmyndin þar sem þú sást Zambinella þegar hann var tuttugu ára – einu andartaki eftir að þú sást hann sem hundrað ára öldung – var síðan notuð af Girodet til þess að mála *Endymion*, þú þekktir hann sjálf í *Adonis*.“

„Er þessi Zambinella hann eða hún?“

„Hann getur ekki verið annar en bróðir móðurömmu Marianinu, frú mín góð. Nú hlýtur þú að skilja hvers vegna frúnni af Lanty er mikið í mun um að fela hvaðan auðæfin koma ...“

„Þetta er nógl!“ sagði hún og gaf mér merki um að hætta.

Við sátum drjúga stund í djúpri þögn.

„Jæja?“ sagði ég.

„Æ,“ kallaði hún upp yfir sig, reis á fætur og gekk fram og aftur um herbergið.

Hún kom til mín, horfði á mig og sagði skjálfrödduð:

„Þú hefur vakið hjá mér viðbjóð á lífinu og ástríðunni sem mun fylgja mér lengi. Eru óbærileg vonbrigði ekki það sem bíður allra mannlegra tilfinninga þótt við látum ófreskjuna eiga sig? Börn myrða mæður sínar annaðhvort með slæmri framkomu eða kuldalegu viðmóti. Eiginkonur eru sviknar. Ástkonur eru vanræktar, yfirgefnar. Vináttan! Er hún til? Ég myndi gerast trúrækin strax á morgun ef ég vissi ekki að ég er fær um að standa eins og klettur í ólgusjó lífsins. Þótt framtíð þess sem trúir á Krist sé blekking þá hrynur hún að minnsta kosti ekki fyrr en eftir dauðann. Leyfðu mér að vera ein.“

„Ó!“ sagði ég við hana, „þú kannt að refsa.“

„Hef ég ekki rétt fyrir mér?“

„Jú,“ svaraði ég af einhvers konar áræðni. „Og til þess að ljúka þessari sögu, sem er vel þekkt á Ítalíu, get ég gefið þér góða hugmynd um framfarirnar sem hafa átt sér stað í siðmenningu

okkar. Þessar ólánsömu verur eru ekki lengur búnar þar til.“

„París,“ sagði hún, „er afar gestrisin; hún tekur öllu fagnandi, bæði ríkidæmi sem byggist á skömm og ríkidæmi sem atað er blóði. Glæpir og níðingsverk eiga þar griðastað og mæta skilningi; dyggðin er það eina sem þar á ekkert altari. Já, hreinar sálir eiga athvarf á himnum! Enginn mun hafa vitað hver ég er! Ég er hreykin af því.“

Og markgreifafrúin var hugsí á svip.

*París, nóvember 1830*

*Ásdís Rósa Magnúsdóttir þýddi*